

M-75/2011. Álit 16. febrúar 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. febrúar 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-75/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. ágúst 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við bifreiðauboðið Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir er ósáttur við þjónustu seljanda og krefst þess að hluti reikninga verði felldur niður.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 16. ágúst 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Engin andsvör bárust frá seljanda og er álit þetta byggt á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist vera bifvélavirki að mennt og hafi áður verið einn af eigendum bifvélaverkstæðis sem einnig var og er enn eitt af þjónustuverkstæðum seljanda. Í dag vinni hann sem bifreiðaskoðunarmaður og leigubílstjóri. Leigubíll álitsbeiðanda, sem er af gerðinni Skoda Superb árgerð 2005, fór skyndilega ekki í gang. Álitsbeiðandi segir þetta hafa verið skömmu eftir síðustu páska og hringdi hann í fyrrverandi starfsmann sinn á verkstæðinu til að spyrjast fyrir um hvað gæti verið að. Sá hafi talið að hugsanlega væri spíss bilaður, væri að hleypa of mikið í gegnum sig og þess vegna slægi kerfið út með þeim afleiðingum að bíllinn færi ekki í gang aftur. Álitsbeiðandi hringdi þá í seljanda og sagðist vera með atvinnubíl sem færi ekki í gang. Starfsmaður á verkstæði seljanda sagðist telja mjög ólíklegt að skýringin væri bilaður spíss en sagðist skyldi lesa úr bílnum ef álitsbeiðandi kæmi með hann. Segist álitsbeiðandi hafa tjáð seljanda að þar sem um mikið ekinn bíl væri að ræða vildi hann fara varlega í að leggja út mikinn kostnað vegna hans.

Álitsbeiðandi segir að í ljós hafi komið á verkstæðinu að vír frá bensíndælu var í sundur og kostnaður við viðgerð væri áætlaður kr. 65.000. Álitsbeiðandi sætti sig við það og vildi að auki láta kíkja á vandamál með bremsurnar. Verkstæðið fann út að loftdælan fyrir hjálparkút í bremsunum væri orsök og þyrfti að panta nýja fyrir kr. 80.000. Nokkrum dögum síðar fékk álitsbeiðandi þær fréttir að einnig þyrfti að skipta um höfuðdælu í bremsunum sem kostaði kr. 60-70.000. Álitsbeiðandi samþykkti það enda erfitt að hætta þegar hingað var komið við sögu. Þegar álitsbeiðandi sótti bifreiðina borgaði hann reikning upp á kr. 322.097. Álitsbeiðandi segist hafa veitt því athygli eftir á að ekki var skipt um höfuðdælu heldur bremsukút.

Þegar álitsbeiðandi fór að vinna á leigubílnum finnur hann strax að ekki er allt með feldu. Bíllinn hikstar og kokar sem hann gerði ekki áður en hann fór á verkstæðið. Álitsbeiðandi reynir ítrekað án árangurs að ná í starfsmann seljanda og heldur áfram að „basla á bílnum“. Viku síðar

hefur starfsmaður seljanda samband við álitsbeiðanda og biður hann um að koma með bílinn til sín nokkrum dögum síðar, eftir að álitsbeiðandi hafði lýst ástandinu fyrir honum.

Daginn áður en álitsbeiðandi átti að fara með bílinn til seljanda deyr á bílnum og þarf að draga hann á verkstæðið. Nokkrum dögum síðar sækir álitsbeiðandi bílinn til seljanda og hljóðar viðgerðarreikningur upp á kr. 144.241. Álitsbeiðandi fór í kjölfarið að vinna á leigubílnum og finnur að bíllinn er ekki enn í lagi þrátt fyrir að hafa skánað. Álitsbeiðandi segist hafa viljað sjá hvernig bíllinn þróaðist og reyndi að vinna á bílnum eins og hann var. Fimmtudaginn 26. maí 2011 deyr svo á bílnum í akstri og álitsbeiðandi lætur draga hann á verkstæði seljanda. Eftir helgina hringir seljandi í álitsbeiðanda og segir honum að sækja bílinn. Skipt hafði verið um „reley“ og vildi seljandi að álitsbeiðandi prófaði bílinn. Álitsbeiðandi tók bílinn um kvöldið og ók honum niður í miðbæ Reykjavíkur. Þar dó enn og aftur á honum og álitsbeiðandi lét á ný draga leigubílinn á verkstæði seljanda. Þar er bíllinn skoðaður enn á ný og niðurstaðan sú að allir spíssar séu ónýtir og viðgerðarkostnaður áætlaður kr. 700.000. Seljandi gerir álitsbeiðanda tilboð í verkið kr. 500-600.000. Álitsbeiðandi vildi hugsa málið og tók að lokum ákvörðun um að láta lagfæra spíssana. Álitsbeiðandi er ósáttur við hve langan tíma tók að ná sambandi við verkstæðið til að láta verkið byrja og einnig hve langan tíma verkstæðið áætlaði í verkið.

Álitsbeiðandi spyr hvernig það megi vera að það taki þjónustuverkstæði Skoda á Íslandi tvo mánuði að greina það að spíssarnir voru orsökkin fyrir vandamálinu. Álitsbeiðandi er ósáttur við að viðgerðarkostnaður, sem átti að passa að færi ekki úr böndunum, væri orðinn í kringum milljón krónur þegar þarna er komið við sögu. Við það bætist svo allt tekjutapið sem álitsbeiðandi hefur orðið fyrir meðan bifreiðin var óökufær.

Álitsbeiðandi segir að loks þegar setja átti nýja spíssa í vélina hafi komið í ljós að spíssasetin í heddinu hafi verið tærð og seljandi gat ekki ábyrgst að viðgerðin myndi skila fullnægjandi árangri. Álitsbeiðandi segist þá hafa leitað annarra lausna, hann hafi keypt aðra notaða vél og sett hana í leigubílinn.

Álitsbeiðandi vill ekki borga seinni reikninginn sem hann fékk frá seljanda, að upphæð kr. 144.241, „enda ekkert á honum sem gerði það að verkum að bíllinn færi í lag“.

IV

Andsvör seljanda

Engin andsvör bárust frá seljanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá.

Í málinu liggur fyrir að álitssbeiðandi er ósáttur við þá þjónustu sem hann fékk hjá seljanda þegar leigubíll hans bilaði. Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) segir að lögin taki til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Í 3. mgr. 1. gr. þkpl. kemur fram að með neytanda sé átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Af álitssbeiðni má ráða að ekki er hægt að skilgreina álitssbeiðanda sem neytanda í skilningi laganna. Í álitssbeiðni kemur margoft fram að álitssbeiðandi er leigubílstjóri og bifreiðin sem mál þetta fjallar um er leigubíll álitssbeiðanda. Þjónustukaup álitssbeiðanda á verkstæði seljanda eru því að mati kæruneðndarinnar í atvinnuskyni eða a.m.k. í tengslum við starf hans. Þannig kemur fram í álitssbeiðni að hann fann fyrir vandamálum bifreiðarinnar við vinnu sína og kvartar yfir tekjutapi vegna bilana leigubílsins. Kæruneðndin telur að í ljósi framangreinds sé ljóst að þjónustukaupalög nr. 42/2000 eigi ekki við í málinu þar sem gildissvið þeirra er takmarkað við þjónustukaup neytenda. Ekki verður heldur séð að atvik málsins falli undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup, enda snýr kvörtun álitssbeiðanda fyrst og fremst að þjónustu seljanda en ekki kaupum hans á bifreiðinni.

Þar sem kæruneðnd lausafjár- og þjónustukaupa veitir einungis álit sitt á ágreiningi um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006, telur kæruneðndin að vísa beri álitssbeiðni frá neðndinni. Með framangreindum rökum og með vísan í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 metur kæruneðndin það svo að ágreiningur aðila heyrir ekki undir hana.

VI

Álitssorð

Álitssbeiðni X er vísað frá kæruneðnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir